



2010

Þjóðarspegilinn

Mansal barna

Skilgreining og aðgerðir

Jónína Einarsdóttir
Hamado Boiro
Gunnlaugur Geirsson
Geir Gunnlaugsson

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Mansal barna

Skilgreining og aðgerðir

Jónína Einarsdóttir
Hamadou Boiro
Gunnlaugur Geirsson
Geir Gunnlaugsson

Mansal er einn þeirra glæpa sem undanfarið hafa verið fordæmdir hvað mest í alþjóðlegum yfirlýsingum, fjölmiðlum og annari umfjöllun. Það er viðurkennt sem hnattrænt vandamál og er gjarnan vitnað til þess sem þrælahalds nútímans (O'Connell Davidson, 2010; Schaeffer-Grabel, 2010). Markmið þessarar greinar er að skoða hugtakið mansal barna og árangur alþjóðlegra aðgerða til að vinna gegn því.

Í greininni er skilgreining hugtaksins mansal fyrst skoðuð í sögulegu samhengi alþjóðlegra samþykka um þrælahald og mansal. Þá er hugtakið mansal skoðað í ljósi rannsóknar á mansali barna í Gíneu-Bissá sem höfundar unnu að í Gíneu-Bissá, Senegal og Gambíu sumarið 2009. Markmið þeirrar rannsóknar var að afla upplýsinga um umfang, ástæður og afleiðingar mansals bissá-gínenskra barna og var hún samvinnuverkefni UNICEF í Gíneu-Bissá og á Íslandi. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í rannsóknarskýrslunni *Child trafficking in Guinea-Bissau: An explorative study* (Einarsdóttir, Boiro, Geirsson og Gunnlaugsson, 2010). Þessi grein byggir að hluta á skýrslunni en hún varpar ljósi á vandamál við að skilgreina tiltekin tilvik eða uppeldisvenjur sem mansal barna og hvernig aðgerðir gegn mansali barna geti unnið gegn hagsmunum þeirra sem ætlunin er að hjálpa. Loks er lögð áhersla á mikilvægi þess að efla traust og samvinnu milli samtaka sem vinna gegn mansali og þeirra sem málið varðar.

Alþjóðlegar samþykktir

Félagasamtökin gegn þrælahaldi (*the Anti-slavery society*) voru stofnsett í London 1839 og ári seinna var samþykkt fyrsta yfirlýsingin gegn sölu og haldi afríska þræla sem voru fluttir til Ameríku (Welch, 2009, bls. 72). Á nítjándu öldinni voru samþykktir rúmlega 600 milliríkjasamningar um þrælahald en samkvæmt Welch (2009) er það sé meira en á við um nokkuð annað mannréttindabrot. Hugtakið mansal (*trafficking*) á þó ekki rætur í baráttunni fyrir afnámi á sölu og haldi svartra þræla.

Fyrsti milliríkjasamningurinn um mansal (*International agreement for the suppression of the white slave traffic*) var samþykktur af 13 Evrópuríkjum árið 1904 (Doezema, 2000; Leppänen, 2007; Quirk, 2006). Samningurinn vísaði til verslunar með hvíta þræla milli landa en árið 1910 var hann útvíkkaður til að gilda einnig um verslun með hvíta þræla innan ríkja. Hugtakið hvítur þræll á rætur í baráttu gegn vændi í Evrópu heima fyrir og alþjóðlega. Umfangsmiklir fólksflutningar áttu sér stað á tímabilinu 1860-1914, en þá fluttust m.a. þúsundir kvenna og stúlkna búferlum frá Evrópu og Rússlandi til Ameríku, Suður-Afríku og Asíu en einnig innan Evrópu. Sumar þeirra lentu í vændis-húsum þar sem þær urðu fórnarlömb s.k. verslunar með hvíta þræla.

Leppänen (2007, bls. 425) bendir á að upphaflega fylgdi hugtakinu „hvítur þræll“ gjarnan ímyndin um „saklausar hvítar konur í höndum dökkra karl-

manna.“ Aðstæðum annarra kvenna en hvítra í svipaðri stöðu var ekki gefinn gaumur. Notkun hugtaksins verslun með hvíta þræla hvarf þó smátt og smátt og hugtakið mansal fékk yfirhöndina, en það nær til fórnarlamba verslunar með fólk óháð litarhætti þess. Árið 1921, með tilkomu Þjóðabandalagsins 1919, er titli fyrri samþykktu breytt í Alþjóðlegur sáttmáli um baráttu gegn mansali kvenna og barna (*International convention for the suppression of traffic in women and children*). Þar kemur fram að mansal geti átt við um alla kynþætti og börn, bæði stúlkur og drengi (Bravo, 2007; Long, 2004, bls. 20). Enn ein viðbót árið 1933 leggur áherslu á alþjóðlega þýðingu mansals. Í samþykkt Sp gegn mansali og arðráni vændiskvenna árið 1949 (*the United nations convention for the suppression of the traffic in persons and of the exploitation of the prostitution of others*) kemur fram að mansal á eingöngu við um vændi og skal það vera refsivert, hvort sem það á sér stað með eða án samþykkis fórnarlamb. Í samþykktinni er einnig lögð áhersla á að hjálpa fórnarlömbum mansals að snúa aftur heim og að veita þeim endurhæfingu.

Þar til um síðustu aldamót er baráttan fyrir afnámi þrælahalds aðskilin baráttunni gegn mansali (Quirk, 2006). Samningurinn um afnám alls þrælahalds (*Slavery convention*) var samþykktur af Þjóðabandalaginu árið 1926 og skilgreinir hann þrælahald sem aðstæður þar sem einstaklingur hefur eignarrétt yfir öðrum og má nýta sér þann rétt að vild (Kaye, 2008, bls. 3; Welsh, 2009, bls. 98-99). Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (Sp) frá 1948 kveður á um að þrælahald og þrælaverslun, hverju nafni sem það nefnist, skuli bönnuð. Árið 1956 er eftirfarandi skilgreint sem ígildi þrælahalds (*slavery-like practices*): annars konar form þrælahalds (*slavery-like practices*): skylduvinna (*debt bondage*), ánaud (*serfdom*), þvinguð gifting (*forced marriage*) og þegar foreldrar eða umráðamaður afhendir barn öðrum til arðráns (sjá viðauka við Samninginn um afnám alls þrælahalds). Krafan er að þessi form þrælahalds falli undir refsivert athæfi og verði afnumin.

Alþjóðavinnuástandstofnunin (ILO) er ein af stofnunum Sp sem hefur unnið hvað ötullagast fyrir mannréttindum, en meðal helstu baráttumála ILO hefur verið afnám nauðungarvinnu og barnavinnu (Welsh, 2009, bls. 121-125). Samþykkt ILO nr. 182 frá 1999 fjallar um barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana. Slík barnavinna getur verið margvísleg en til hennar telst hvers konar þrælkun eða framkvæmd sem jafna má við hana, svo sem sala og verslun með börn, skuldaánaud, önnur ánaud og nauðungar- eða skylduvinna, þar með talið þegar börn eru neydd eða skylduð til þátttöku í vopnuðum átökum. Notkun, öflun og framboð barna til vændis og til framleiðslu á klámi eða til klámsýninga telst líka til barnavinnu í sinni verstu mynd, sem og notkun, öflun og framboð barna til ólöglegra athafna, einkum til framleiðslu og verslunar með ávana- og fíkniefni. Einnig tilheyra slíkri barnavinnu öll störf sem vegna eðlis síns eða þeirra aðstæðna sem þau eru unnin við eru líkleg til að skaða heilsu, öryggi eða siðferði barna.

Þrælahald og mansal renna fyrst saman í eitt hugtak árið 2000 þegar aðildarríki Sp samþykktu mansalsbókun í Palermó á Ítalíu (*Trafficking victims protection Act – TVPA*; Quirk, 2006). Samkvæmt bókuninni felst í mansali tiltekinn verknaður, aðferð og tilgangur (UN, 2000). Verknaðurinn felur í sér að fá einstakling til þátttöku, flytja hann, framselja hann öðrum, hýsa eða taka á móti honum. Aðferðirnar sem eru notaðar geta verið hótanir, ofbeldi eða einhvers konar þvingun, rán, blekking, svik eða greiðsla. Ekki þarf þó að skilgreina aðferðir til þess að úrskurða hvort mansal barna hafi átt sér stað. Í mansali felst arðrán á einstaklingi en tilgangur þess er að hagnast, t.d. með vændi annarra eða kynferðislegum hætti, nauðungarvinnu, þrælahaldi eða annarskonar þrælkun, brottnámi líffæra eða hverskonar hagnýtingu einstaklingsins.

Baráttan gegn mansali

Alþjóðasamþykktir sem lýst er hér að ofan hafa það að markmiði að vinna gegn mansali og allnokkrum fjárhæðum hefur verið veitt í málaflokkinn undanfarinn áratug (sjá Markon, 2007; Einarsdóttir o.fl., 2010). Ríkistjórnir einstakra ríkja hafa skuldbundið sig til að setja lög og koma í framkvæmd aðgerðum sem vinna gegn mansali. Mikil áhersla er lögð á lögsókn þeirra sem eru brotlegir og aðstoð við fórnarlömb mansals. Samkvæmt United States State Department (2010) eru 12,3 milljónir einstaklinga, fullorðir og börn, taldar vera fórnarlömb nauðungarvinnu, skuldaánaugar og kynlífsþrælkunar í heiminum og áætlað er að konur séu a.m.k. 56 prósent þeirra. Áætlað hefur verið að um 600.000-800.000 manns séu flutt yfir landamæri árlega sem fórnarlömb mansals og að 70 prósent þeirra séu konur eða stúlkur og 50 prósent börn. Alls áttu sér stað 4.166 sakfellingar og 49.105 fórnarlömb mansals voru staðfest á heimsvísu árið 2009 sem er aðeins lítið brot áætlaðra tilfella.

Ljóst er að baráttan gegn mansali gengur treglega. Markon (2007) bendir á að Bandaríkin hafi dyggilega stutt við alþjóðlega löggjöf gegn mansali og veitt háum fjárframlögum til að vinna að framkvæmd hennar, bæði heima fyrir og erlendis. Árið 2006 hafi stjórnin varið 28,5 milljónum Bandaríkjadollara til að vinna gegn mansali innanlands, en það var 13 prósent aukning frá árinu áður. Markon bendir á að í Bandaríkjunum hafi 1.362 fórnarlömb mansals verið staðfest frá árinu 2000 til 2007, sem er aðeins lítið brot áætlaðs fjölda sem er um 50.000 manns árlega. Hann gagnrýnir aðferðafræðina við þá áætlun harkalega en hún byggðist fyrst og fremst á að áætla fjöldann í Bandaríkjunum út frá fréttum af mansali erlendis. Samkvæmt Goździak (2010, bls. 245) var einungis í 212 tilvikum staðfest að börn væru fórnarlömb mansals í Bandaríkjunum á tímabilinu 2000-2009 og endurspeglar sú tala alvarlegar brotalamir í aðgerðum gegn mansali barna.

Ástæður slaelegs árangurs eru margþættar. Oftast er um að ræða dulið, ólöglegt athæfi þar sem miklir fjármunir eru í húfi. Einnig er talið að aðgerðir einstakra ríkja til að stemma stigu við ólöglegum innflytjendum leiði til þess að mansali sé ekki veitt tilskilin athygli (Farrell, McDevitt og Fahy, 2010). Bent hefur verið á að aðgerðir gegn mansali vinni stundum gegn möguleikum fólks, sérstaklega ungs fólks og kvenna, til þess að flytja milli svæða eða landa í von um vinnu eða möguleika til menntunar (GAATW, 2007). Einnig leiði sú stefna að snúa fórnarlömbum mansals aftur til síns heima til þess að þau vilji ekki þiggja þá aðstoð sem í boði er eða forðist að leita hjálpar.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur reynst erfitt að áætla fjölda einstaklinga sem eru fórnarlömb mansals. Ein ástæða þess er óvissa um hvaða tilfelli skuli flokka sem mansal en það má m.a. rekja til þess að hugtökin þrælahald og mansal renna saman í eitt með mansalsbókuninni frá 2000. Til dæmis telja sumir að skilgreina beri alla vinnu barna sem mansal en aðrir líta svo á að það eigi eingöngu við um kynlífsþrælkun (Dottridge, 2008). Það eru ekki allir sammála um hvort flutningur einstaklings verði að eiga sér stað til þess að um mansal sé að ræða. Krieg (2009, bls. 779) bendir á að mansalsbókunin geri ráð fyrir ákveðinni röð atburða eða s.k. *trafficking chain* þar sem fórnarlömb mansals eru flutt milli staða til að arðræna þau. Ljóst sé þó að þessi flutningur þurfi ekki að vera yfir landamæri. *The Trafficking in Persons Reports 2010* staðhæfir hins vegar að margar þjóðir gefi sér að flutningur fórnarlamba sé forsenda mansals en það sé misskilningur (United States State Department, 2010, bls. 5). Loks má nefna að það hefur verið gagnrýnt að áætlanir um fjölda fórnarlamba mansals séu gerðar og notaðar til fjáröflunar í baráttunni gegn mansali og til rannsókna á fyrirbærinu (Loff og Sanghera, 2004). Slíkt geti valdið ofáætlunum þar sem meiri fjöldi auki líkur á stærri framlögum.

Efnahagslegar aðstæður og menningarbundnar hugmyndir um æskilegt uppeldi geta stangast á við hugmyndir alþjóðastofnana og frjálsra félagasamtaka sem berjast fyrir auknum réttindum barna og afnámi illrar meðferðar á þeim. Börn í Afríku, og þá sérstaklega börn í vesturhluta álfunnar, eru talin vera í sérstaklega mikilli hættu á mansali þar sem þau vinni gjarnan að heiman á veitingastöðum, börum, við fiskveiðar, sveitastörf, verslun, o.fl. (De Lange, 2007; Hashim, 2006). Þau eigi því á hættu að lenda í þeirri stöðu sem ILO hefur skilgreint sem barnavinnu í sinni verstu mynd. Víða eru einnig sterkar hefðir fyrir því að senda börn í fóstur og mennta þau fjarri heimahögum, m.a. í Kóranskólum, auk þess sem þvinguð hjónabönd eru algeng (Hashim, 2006; Surtees, 2005). Til dæmis má finna fréttir um að allt að 100.000 nemendur Kóranskóla, nefndir *talibé*, betli á götum Dakar og annarra borga í Senegal og að flestir þeirra komi frá Gíneu-Bissá og séu fórnarlömb mansals („Guinea-Bissau-Senegal“, 2007). Samkvæmt UNICEF sýnir rannsókn frá 2006 að um 2.000 slíkir nemendur séu í Gíneu-Bissá, auk þess sem meirihluti af áætluðum 120.000 nemendum Kóranskóla í Senegal komi frá Gíneu-Bissá (UNICEF, e.d.).

Aðstæður barna í Gínea-Bissá

Gínea-Bissá, sem tilheyrir hópi s.k. óstöðugra ríkja, er í sæti 173 af 182 löndum á lista lífsgæðalista Sp. Íbúar landsins eru um 1,6 miljónir talsins og tilheyra fjölda þjóðernishópa en stærstir eru Balanta, Fula, Mandinga, Papel, Manjako, Nalu, Biafada, Mancanha, Felupe og Bijagós. Landið einkennist af stöðugri fjármálakreppu og stjórnmálalegum óstöðugleika sem m.a. endurspegladist í uppreisn hersins árið 1998 og stríðsátökum sem fylgdu í kjölfarið (Einarsdóttir, 2007).

Löndum heims er gefin einkunn fyrir framstöðu sína í baráttunni gegn mansali. Samkvæmt *Trafficking in Persons Report 2010* er Gínea-Bissá á eftirlitslista í flokki 2 sem þýðir að landið uppfyllir ekki lágmarksstaðla mansalssamþykktar Sp, en sé að vinna í málunum þrátt fyrir erfiðar aðstæður (United States State Department, 2010, bls. 5). Ekki hefur þó tekist að sýna fram á framfarir, eins og bætt aðstoð við fórnarlömb mansals og aukinn fjölda málaferla, en enginn hefur verið þar sakfelldur fyrir mansal. Samkvæmt skýrslunni er fjöldi bissá-gínenskra barna sendur í nauðungarvinnu, vandi og betl til nágrannalandanna. Langflestir eru drengir sem sendir eru í Kóranskóla í Senegal þar sem þeir búa hjá kennara sínum og eru þvingaðir til að betla fyrir viðurværinu.

Ýmsar hefðir eru við lýði í Gíneu-Bissá sem hugsanlega mætti flokka sem mansal barna (Einarsdóttir o.fl., 2010). Fóstur er t.d. mjög algengt meðal allra þjóðernishópa en oftast er um að ræða tímabundna ráðstöfun. Börn eru mjög í hávegum höfð og það þykir mikil óhamingja að eignast ekki börn. Það þykir því eðlilegt að þeir sem eigi barnaláni að fagna „gefi“ eða „láni“ skyldmönnum sem ekki eru svo lánsamir eitt barna sinna. Það er þó nokkur munur á formi fósturs hjá einstaka þjóðernishópum.

Það eru ýmsar ástæður fyrir að setja börn í fóstur. Papel, sem rekja ættir í móðurlegg, setja t.d. börn sín gjarnan í fóstur (Einarsdóttir, 2004). Helstu ástæðurnar eru þörf mæðra fyrir hjálp vegna hvers konar erfiðleika, réttur móðurömmu til að taka til sín eitt barna dóttur sinnar og hjónaskilnaður. Frænkur og aðrir nákomnir ættingjar taka einnig oft börn í fóstur, sérstaklega ef þeim hefur ekki orðið barna auðið. Aðeins í undantekningartilfellum eru börn sett í fóstur til einstaklinga sem ekki eru tengdir þeim fjölskylduböndum. Papel mæður telja að fóstur hafi ýmsar jákvæðar hliðar, það geti gefið börnum betri fjárhagslegar aðstæður og tækifæri sem þau hefðu annars ekki fengið. Eins leyfir það mæðrum að leita nýrra möguleika til að afla sér viðurværis. Þær eru sér meðvitaðar um að fósturbörn séu oft beitt meiri aga og látin vinna meira en önnur börn, en það er ekki endilega neikvætt þar sem þau læri vinnusemi við slíkar aðstæður. Verra sé þegar fósturbörn njóti ekki góðrar aðhlyningar en slíkt er vel

þekkt. Fullorðið fólk minnst þó gjarnan fósturforeldra sinna, sérstaklega fósturmæðra, með mikilli hlýju.

Balanta rekja ættir í föðurlegg og nánast er litið á bræðrabörn eins og systkini (Einarsdóttir o.fl., 2010). Fóstur er mjög algengt en mest hjá skyldmönnum. Stúlkur sem koma úr sveitahéruðum dvelja oft í nágrennalöndunum hjá ættingjum þar sem þær sinna heimilisstörfum þar til þeim er ráðstafað í hjónaband. Balanta konur taka gjarnan dætur bræðra sinna í fóstur við 5-6 ára aldur og þær verða síðar samkonur (*wives*) þeirra. Þannig tengist fjölskylda konunnar ætt manns hennar traustari böndum, auk þess sem hún fær samkonu sem hún hefur sjálf alið upp og er henni trygg. Ungar Balanta stúlkur hafna þó slíkum hjónaböndum í auknum mæli, enda eru þau í andstöðu við lög landsins sem banna þvinguð hjónabönd. Þær hlaupast því stundum á brott og leita aðstoðar lögreglu eða dómstóla. Það sama á við um stúlkur sem tilheyra öðrum þjóðernishópum, en snemmbærar og þvingaðar giftingar stúlkna eiga sér stað meðal allra hópa.

Börn og unglingar, óháð hvaða hópi þau tilheyra, vinna fjölbreytt störf heima og að heiman (Einarsdóttir o.fl., 2010). Eins og annarsstaðar í Vestur-Afríku leita unglingar, allt frá 12-14 ára aldri, að vinnu eða tækifærum til að mennta sig fjarri heimabyggð. Þetta getur átt við bæði stúlkur og stráka, en það er þó nokkur munur milli einstakra þjóðernishópa. Fréttir af nýjum tækifærum berast fljótt. Balanta piltar leita sér að vinnu á næstu þéttbýlisstöðum og í höfuðborginni Bissá. Stúlkur frá norðurhéruðunum fara til Senegal og Gambíu, en þar er all nokkur straumur ferðamanna með tilheyrandi atvinnutækifærum, auk vændis. Felupe stúlkur eru sendar ungar að aldri, allt frá 8-10 ára, í vist til ættingja innanlands og til nágrennalöndanna. Tekjurnar sem þær afla sér renna til fjölskyldunnar í þorpinu og til undirbúnings brúðkaups þeirra. Papel drengir vinna sem aðstoðarmenn vefara, sem oftast eru bræður þeirra eða nákomnir ættingar. Flestir þeirra búa tímabundið ár hvert í Gambíu og Senegal þar sem þeir selja framleiðslu sína en snúa svo heim í regntímanum til að sinna landbúnaðarstörfum. Þegar vel tekst til ná drengirnir að verða góðir vefarar sem gefur þeim möguleika á að afla sér tekna.

Muslímsk börn, mest drengir, ganga gjarnan í Kóranskóla, innan lands og í nágrennalöndunum, sérstaklega Senegal og Gambíu (Einarsdóttir o.fl., 2010). Fjöldi barna stunda nám í Kóranskólum í Gíneu-Bissá og þá búa þau oftast í foreldrahúsum. Sum ganga í slíka skóla fjarri heimabyggð og búa þá hjá kennara sínum. Þar eru einnig börn frá öðrum löndum í Vestur-Afríku, t.d. Gíneu, Malí og Síerra-León, háð virðingarstöðu viðkomandi skóla. Samhliða náminu vinna börnin á ökrum kennara sinna og sinna öðrum störfum, en betli er fátítt og þá helst í þéttbýli eins og Gabu og Bissá. Kennarar skólana fara stundum tímabundið með nemendahópa til Senegal þar sem þeir vinna við uppskeru á bómull eða betla til að afla tekna fyrir lærimeistarann og skólagönguna.

Nemendur sem ganga í Kóranskóla erlendis fara flestir til Senegal, en landið nýtur virðingar sem lærdómssetur múslímskra fræða (Einarsdóttir o.fl., 2010). Þar ganga þeir í skóla sem eru reknir af kennurum sem eiga flestallir rætur í Gíneu-Bissá. Þessir kennarar hafa valið að stofna skóla í Senegal vegna þess að þar þykir betli nemenda slíkra skóla sjálfsagt og Senegalar þykja örlátir á fé til þurfandi og þá sérstaklega þeirra sem stunda trúarlegt nám. Í Gíneu-Bissá er hins vegar ekki vel séð að vinnufærir einstaklingar, börn eða fullorðnir, betli fyrir framfæri sínu. Alþjóðasamtök og frjáls félagasamtök hafa vakið athygli á illri meðferð nemenda í Kóranskólum, og þá sérstaklega í Senegal, og er starfsemi þeirra gjarnan flokkuð sem mansal barna.

Mansal: „þungt“ orð

Í rannsókn okkar á mansali barna í Gíneu-Bissá kom fram nokkur ágreiningur meðal viðmælenda um hvað felist í hugtakinu mansal barna (Einarsdóttir o.fl., 2010). Talsmenn frjálsra félagasamtaka starfandi í landinu töldu flestir að hugtakið mansal gæti vel átt við í ofangreindum tilvikum og þá sérstaklega um venjuna að senda börn til Senegal í Kóranskóla. Bissá-gíneanskur starfsmaður slíkra samtaka benti þó á að eina leiðin til að afla fjár til að bæta stöðu barna í erfiðri aðstöðu væri að flokka þau sem fórnarlömb mansals.

Flestir viðmælenda meðal almennings voru þeirra skoðunar að mansal væri „þungt“ orð (Einarsdóttir o.fl., 2010). Það ætti sér aðeins stað um flutning á börnum yfir landamæri og þegar slíkur flutningur ætti sér stað án samþykkis foreldra barnanna. Meðvitaðir um mikilvægi trúarlegrar menntunar fyrir múslíma töldu flestir að hið siðarnefnda ætti sjaldnast við um nemendur Kóranskólanna. Reyndar var bent á að drengir stelist stundum til að sækja slíka skóla án leyfis foreldra. Ofangreind dæmi um börn og unglínga sem leita vinnu fjarri heimabyggð þóttu aftur á móti endurspegla jákvæða viðleitni þeirra til að bjarga sér og kynnast heiminum. Sama viðhorf ríkti varðandi þann sið að senda börn í fóstur, sem var ýmist talinn endurspegla vilja foreldra til að gera það besta í erfiðri stöðu eða virðingu við barnlausa ættingja.

Viðmælendur, sem eru feður eða mæður drengja sem ganga í Kóranskóla í Senegal, var misboðið allt tal um mansal (Einarsdóttir o.fl., 2010). Þeim sárnaði auk þess að sama hugtakið væri notað um viðleitni þeirra til að afla börnum sínum trúarlegar menntunar í Senegal og eiturfjasmýgl, en í báðum tilfellum er kréolorðið *tráfico* notað. Foreldrum og flestum múslímum meðal viðmælenda fannst aðgerðir til að stemma stígu við mansali barna niðurlægjandi. Slíkar aðgerðir felast m.a. í að drengjum í Kóranskólum í Senegal er snúið heim fyrir milligöngu frjálsra félagasamtaka, en þau eru fjámögnuð með framlögum frá alþjóðastofnunum, þróunarstofnunum og ýmis konar félagasamtökum. Foreldrar upplifa mikla skömm þegar synir þeirra eru sendir heim án þess að þeir hafi náð ætlunarverki sínu um að ljúka trúarlegu námi. Það sama á við um drengina sjálfa, enda er venjan að séu þeir séu prófaðir í fræðunum með viðeigandi veilsuhöldum þegar þeir koma heim að afloknu námi. Auk þess kom í ljós í viðræðum okkar að dæmi eru um að drengjum sé snúið heim gegn vilja þeirra, en slíkt brýtur í bága við reglur um heimkomu fórnarlamba mansals. Þegar foreldrar taka á móti sonum sínum eru þeir látnir skrifa undir yfirlýsingu sem gerir þá seka ef synirnir snúa aftur til Senegal, en ekki er óalgengt að slíkt gerist. Í þeim tilfellum fara drengirnir ekki aftur til kennara sinna heldur gerast götubörn í Senegal þar sem staða þeirra verður enn verri en áður var.

Foreldrar drengjanna og ýmsir aðrir voru ósáttir við vinnu félagasamtaka sem vinna gegn mansali barna og héldu því fram að þau væru jafnvel að auðgast á kostnað barna sinna (Einarsdóttir o.fl., 2010). Nokkrir héldu því fram að raunverulegt markmið sumra þeirra væri að snúa drengjunum til kristinnar trúar, en flestöll samtökin sem vinna gegn mansali barna í Senegal eru kristin. Lögðu viðmælendur áherslu á að nær væri að nota þá fjármuni sem þessi samtök fengju til að vinna gegn mansali til að styrkja skóla í heimabyggð barnanna, en þar væru fá tækifæri til menntunar. Flestir voru meðvitaðir um að aðstæður drengja í Kóranskólum í Senegal eru erfiðar og marga grunaði að einstaka kennarar hefðu meiri áhuga á að nemendurnir öfluðu þeim fjár með betli en að þeir stunduðu námið. Það væri því hugsanlegt að mansal ætti við í einstaka tilfellum en ekki væri rétt að flokka siðinn í heild sinni sem mansal.

Lokaorð

Aðgerðir gegn mansali á heimsvísu eru ekki að skila tilætluðum árangri og aðeins örlítill hluti áætlaðara brota endar með sakfellingu (Gółziak, 2010; United States Department of State, 2010). Ætla má að fjöldi barna sem eru fórnarlömb mansals fái ekki þá aðstoð sem þau eiga rétt á. Samtímis má einnig ætla að fjöldi þeirra sé oftalinn, m.a. vegna þess hversu skilgreiningin er óljós sem rekja má að hluta til sögulegs bakgrunns mansalsbókunarinnar.

Á undanförunum áratug hefur verið tilhneiging til þess að víkka skilgreiningu hugtaksins mansal barna í Vestur-Afríku, þannig að hún nái til sem flestra aðstæðna þar sem börn eru í erfiðri stöðu. Þessu fylgja kostir og gallar. Það er hjálp þeim sem berjast fyrir auknum mannréttindum barna og bættri stöðu þeirra að til staðar sé alþjóðlegur lagarammi um mansal sem hægt er að styðjast við. Auk þess er mansal fordæmdur glæpur á alþjóðlegum vettvangi, nokkuð sem auðveldar fjáröflun. Vandinn er hins vegar að önnur alvarleg vandamál sem varða börn fá ekki tilskilda athygli. Eins er hættu á að hugtakið mansal barna verði svo víðtækt að það verði innihaldslaust. Það gæti haft í för með sér að börn sem raunverulega eru fórnarlömb mansals fái ekki verðskuldaða hjálp þar sem þau hverfa í fjöldann.

Skilgreining tiltekinna uppeldishefða sem mansal, t.d. að setja barn í fóstur, vist eða Kóranskóla, leiðir til þess að heil samfélög eru sökuð um glæpsamlegt athæfi sem er saknæmt samkvæmt alþjóðasamningum. Til að varpa ljósi á vandann skal tekið dæmi frá heimahögum okkar Íslendinga. Niðurstöður MA-rannsóknar Ólafar Daðeyar Pétursdóttur (í vinnslu) sýna mjög breytilega reynslu einstaklinga sem voru sendir í sveit í æsku á seinni hluta síðustu aldar. Sumir segja frá miklu harðræði, þrælavinnu án greiðslu og refsingum sem jafnast á við ofbeldi; aðrir líta á sveitavistina sem tíma lærdóms og þroska. Því má spyrja hvort sveitavist flokkist sem mansal ef reynsla barna af henni er sköðuð í ljósi mansalsbókunarinnar. Jákvætt svar myndi gera marga núlifandi Íslendinga seka um alþjóðlega fordæmdan glæp.

Rannsóknir benda til þess að aðgerðir gegn mansali vinni stundum gegn hagsmunum fórnarlamba mansals og annarra hópa í erfiðri stöðu, sérstaklega þeirra sem leita sér tækifæra utan heimalands síns (GAATW, 2007). Þetta má sjá í Gíneu-Bissá en þar hefur heimsending barna frá Senegal sett sum þeirra í verri stöðu en þau voru, þ.e. þau sem snúa aftur og verða götubörn. Auk þess á sér stað trúnaðarbrestur milli félagasamtaka sem vinna gegn mansali barna og þeirra samfélaga sem börnin koma frá. Átökin kristallast í þeirri staðreynd að samtökin telja sig vera að bjarga börnum úr stöðu sem foreldrarir eru stoltir yfir og telja börnunum vera fyrir bestu. Forsenda bættrar stöðu barna, hvort sem þau eru fórnarlömb mansals eða ekki, er þátttaka og samþykki barnanna, fölskyldna þeirra og samfélags. Því ber að fagna að UNICEF í Bissá er um þessar mundir að endurskoða forvarnarstarf sitt með ofangreind atriði í huga.

Heimildir

- Bravo, K. E. (2007). Exploring the analogy between modern trafficking in humans and the trans-Atlantic slave trade. *Boston University International Law Journal*, 25, 209-295.
- De Lange, A. (2007). Child labour migration and trafficking in rural Burkina Faso. *International Migration*, 45(2), 148-167.
- Doezema, J. (2000). Loose Women or Lost Women? The re-emergence of the myth of white slavery in contemporary discourses of trafficking in women. *Gender Issues*, 18, 3-50.
- Dottridge, M. (2008). *Kids abroad: Ignore them, abuse them or protect them: Lessons on how to protect children on the move from being exploited*. Geneva: Terre des Hommes.
- Einarsdóttir, J. (2004). *Tired of Weeping. Mother Love, Child Death, and Poverty in Guinea-Bissau* (2. útgáfa). Madison: University of Wisconsin Press.
- Einarsdóttir, J. (2007). Partnership and post-war Guinea-Bissau. *African Journal of International Affairs*, 10(1/2), 93-112.
- Einarsdóttir, J., Boiro, H., Geirsson, G og Gunnlaugsson, G. (2010). *Trafficking of children in Guinea-Bissau: An explorative study*. Reykjavík: Unicef Iceland/Unicef Guinea-Bissau.
- Farrell, A., McDevitt, J. og Fahy S. (2010). Where are all the victims? Understanding the determinants of official identification of human trafficking incidents. *Criminology & Public Policy*, 9(2), 201-233.
- GAATW. (2007). *Collateral Damage: The Impact of Anti-Trafficking Measures on Human Rights around the World*. Bangkok: Global alliance against traffic in women.
- Goździak, E. M. (2010). Identifying child victims of trafficking. Toward solutions and resolutions. *Criminology & Public Policy*, 9(2), 245-255.
- Guinea-Bissau-Senegal: On the child trafficking route. (2007, 23. nóvember). *Irinnews*. Sótt 17. ágúst 2010 af <http://www.irinnews.org/Report.aspx?ReportId=75485>
- Hashim, I. M. (2006). *The positives and negatives of children's independent migration: Assessing the evidence and the debates*. Brighton: Sussex Centre for Migration Research.
- Kaye, M. (2008). *Arrested development: Discrimination and slavery in the 21st century*. UK: Anti-Slavery International.
- Krieg, S. H. (2009). Trafficking in human beings: The EU approach between border control, law enforcement and human rights. *European Law Journal*, 15(6), 775-790.
- Leppänen, K. (2007). Movement of women: Trafficking in the interwar era. *Women's Studies International Forum*, 30, 523-533
- Loff, B. og Sanghera J. (2004). Distortions and difficulties in data for trafficking. *The Lancet*, 14, 363, 566.
- Long, L. D. (2004). Anthropological perspectives on the trafficking of women for sexual exploitation. *International Migration*, 42, 5-31.
- Markon, J. (2007, 23. september). Human trafficking evokes outrage, little evidence. *Washington Post*. Sótt 17. ágúst 2010 af <http://www.washingtonpost.com/wpdyn/content/article/2007/09/22/AR2007092201401.html>
- O'Connell Davidson, J. (2010). New slavery, old binaries: Human trafficking and the borders of 'freedom'. *Global Networks*, 10(2), 244-261.
- Ólöf Daðey Pétursdóttir. (í vinnslu). *Æskan send í sveit*. MA ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Quirk, J. F. (2006) The anti-slavery project: Linking the historical and contemporary. *Human Rights Quarterly*, 28(3), 565-598.
- Schaeffer-Grabiell, F. (2010). Sex trafficking as the 'New Slave Trade'? *Sexualities*, 13, 153-160.
- Surtees, R. (2005). *Child trafficking in Sierra Leone*. New York: UNICEF.

- UN. (2000). *Protocol to prevent, suppress and punish trafficking in persons especially women and children, supplementing the United Nations convention against transnational organized crime*. Sótt 17. ágúst 2010 af <http://www.unodc.org/unodc/en/treaties/CTOC/index.html>
- UNICEF. (e.d.) *UNICEF Guinea-Bissau*. Sótt 17. ágúst 2010 af http://www.unicef.org/wcaro/Countries_2345.html#protection
- United States Department of State. (2010). *Trafficking in persons 2010 report*. Washington DC: United States Department of State.
- Welch, C. E. (2009). Defining contemporary forms of slavery: Updating a venerable NGO. *Human Rights Quarterly*, 31(1), 70-128.